

67. kirkjuþing 2025-2026

1. mál - Þskj. 1a

Skýrsla biskups Íslands og stjórnar Þjóðkirkjunnar Skýrsla biskups Íslands

Flm: Guðrún Karls Helgudóttir.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um. Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu, skv. 3. gr. laga nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna. Biskup Íslands boðar til *biskupafundar*, sem m.a. endurskoðar skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og setur fram tillögur um breytingar í þeim efnum, fjallar um málefni er varða trú, kenningu kirkjunnar, helgisiði og helgihald, sbr. starfsreglur um biskupafund nr. 34/2022-2023.

Árið 2025 er fyrsta heila starfsár núverandi biskups, en Guðrún Karls Helgudóttir var vígð til embættis biskups Íslands 1. september 2024 og hefur árið verið viðburðaríkt.

Biskup flutti tímabundið skrifstofu sína á landsbyggðina í þeim tilgangi að vera aðgengilegri fyrir fólk vítt og breitt um landið. Haustið 2024 var skrifstofa biskups flutt á Austurland í október og Suðurland í nóvember. Þegar skrifstofan var á Austurlandi prédikaði biskup við guðsþjónustu í Þórshafnarkirkju í tilefni af aldarfjórðungs afmæli kirkjunnar. Er skrifstofan var á Suðurlandi setti biskup nýjan prófast, sr. Óskar Hafstein Óskarsson inn í embætti við messu í Hruna. Skrifstofa biskups var á Norðurlandi í janúar og tók biskup þá þátt í helgihaldi á Húsavík og í Neskirkju í Þingeyjarprestakalli. Í maí var biskup með skrifstofu sína á Vestfjörðum og prédikaði við útvarpsguðsþjónusta Ísafjarðarkirkju í tilefni af þrjátíu ára afmæli kirkjunnar. Viðvera biskups í ólíkum landshlutum hefur mælst vel fyrir, viðtalstímar voru fullnýttir og góð aðsókn á súpufundi og í helgihaldið.

Helgistund með biskupi Íslands var sjónvarpað á aðfangadagskvöld frá Reynivallakirkju í Kjós. Þá messaði biskup í Dómkirkjunni samkvæmt venju á nýársdag og páskadag sem útvarpað var í Ríkisútvarpinu. Biskup prédikaði og flutti ávörp í fjölda annarra guðsþjónusta víðs vegar um landið og útvarpað var frá nokkrum þeirra. Biskup Íslands þjónaði fyrir altari í Dómkirkjunni í Reykjavík, ásamt dómkirkjuprestum á jóladag, við setningu Alþingis tvisvar sinnum á árinu og á 17. júní. Prédikarar við setningu Alþingis voru sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson prófastur, 4. febrúar og sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir, 9. september.

Á tímabilinu hefur biskup vígt sex nýja presta og einn djákna sem hafa bæst við starfslið kirkjunnar, þá hafa þrír prestar sem voru í prestsþjónustu erlendis flutt heim aftur og hafið störf hjá Þjóðkirkjunni.

Ný Miðgarðakirkja var vígð í Grímsey við hátíðlega athöfn 10. ágúst síðastliðinn. Ásamt biskupi tók vígslubiskup Hólastiftis, sr. Gísli Gunnarsson þátt í vígslunni auk núverandi og fyrrverandi presta Grímseyinga. Tvær nýjar kirkjuklukkur voru helgaðar á sama tíma en klukkurnar voru gjöf frá Hallgrímssöfnuði í Reykjavík.

Biskup Íslands hefur að venju komið fram á og tekið þátt í ýmsum viðburðum og fjölbreyttum samkomum yfir árið en það er mikilvægt hlutverk biskups að vera þátttakandi

og styðjandi í lífi þjóðar. Þar má nefna fjölmörg fjölmiðlaviðtöl, þátttöku í góðgerðasamkomum og samtals- og skemmtiþáttum í sjónvarpi, útvarpi og í hlaðvörpum. Biskup leggur sig fram um að tengjast fólki og eiga samtöl við fólk í ýmsum stöðum í þjóðfélaginu eins og mögulegt er. Biskup átti samtöl við forseta Íslands, ráðherra, sendiherra erlendra ríkja, leiðtoga trú- og lífsskoðunarfélaga, jafnt innlenda sem erlenda, listafólk auk fjölmargra annarra. Þá reynir biskup að verða við viðtalsbeiðnum eins og mögulegt er.

Biskup Íslands tók þátt í norrænni-baltneskri ráðstefnu prestvígðra kvenna sem haldin var Uppsölum í Svíþjóð og flutti erindið “The Second Woman” eða „Kona nr. tvö“ við setningarathöfn hennar. Þá prédikaði biskup í Niðaróssdómkirkju á Ólafsvöku í lok júlí og var vígsluvottur í tveimur biskupsvígslum, í Svíþjóð og Noregi. Biskup og biskupsritari heimsóttu Úkraínu ásamt sendinefnd höfuðbiskupa frá Norðurlöndunum í byrjun október. Úkraínska Rétttrúnaðarkirkjan og Lútherska kirkjan í Úkraínu buðu sendinefndinni og voru gestgjafar, en erkibiskupar þessara kirkna heimsóttu Norðurlöndin árið 2023 og þá var sr. Kristján Björnsson vígslubiskup fulltrúi Þjóðkirkjunnar. Sendinefndin fékk innsýn inn í aðstæður fólks sem býr við stríð, starf kirknanna við víglínuna og með fólki sem býr við stöðug áföll. Þá var komið við í borginni Bucha, sem varð fyrir skelfilegum árásum fljótlega eftir upphaf innrásarinnar, auk þess sem úkraínska þingið og fleiri staðir voru heimsóttir. Þá tók biskup þátt í tveimur leiðtogafundum á vegum Lútherska heimssambandsins ásamt dr. Arnfríði Guðmundsdóttur, varaforseta sambandsins á Norðurlöndum og Magneu Sverrisdóttur verkefnastjóra erlendra samskipta.

Á vegum biskupafundar er nú unnið að matsskýrslu um stöðu vígðrar þjónustu um landið, út frá mannfjölda, vegalengdum og samgöngum. Í ljós hefur komið að sú vinna er viðameiri en talið var í upphafi en skýrslunnar er að vænta fyrir kirkjuþing í mars.

Námskeið

Biskupsstofa veitir söfnuðum landsins ýmsa ráðgjöf og þjónustu. Boðið hefur verið upp á fjölda námskeiða í héraði og hafa þau fengið góðar viðtökur. Bæði hafa verið námskeið á vegum samskiptasviðs um samskipti við fjölmiðla og boðið hefur verið upp á námskeiðið, *Samtal við sóknir* á vegum tengiliðs sókna hjá Biskupsstofu, þar sem farið er yfir störf, starfsemi og hlutverk sóknarnefnda. Þetta framtak hefur mælst mjög vel fyrir og mikil eftirspurn er eftir þessari þjónustu.

Samskiptasvið og ný heimasíða

Samfélagsmiðlastjóri var ráðinn á árinu til að sinna samfélagsmiðlum Þjóðkirkjunnar, nánar tiltekið Facebook síðu Þjóðkirkjunnar, Instagram síðu hennar og TikTok síðu. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til. Nú er svo komið að efni sem unnið er fyrir þessa miðla kirkjunnar nær til hundruð þúsunda. Sem dæmi hefur eitt myndband sem unnið var í sumar nú náð yfir 920.000 spilunum.

Sem dæmi um útbreiðslu efnis í gegnum Instagram eingöngu er að á síðustu 30 dögum kom Þjóðkirkjan 174 þúsund sinnum upp á Instagram hjá samtals 138 þúsund einstaklingum. Á sama tímabili á Facebook voru 120 þúsund ásyndir hjá 68 þúsund einstaklingum. Á síðustu

30 dögum náði Þjóðkirkjan þannig um 300 þúsund sinnum til um 200 þúsund einstaklinga á þessum tveimur miðlum. Það eru um 10 þúsund snertingar á dag. Tölurnar myndu hækka mjög ef TikTok væri talið hér með. Þá er vert að taka fram, að Þjóðkirkjan hefur á þessu tímabili ekki greitt fyrir neina auglýsingu, hvorki á Facebook né Instagram.

Vinna við nýja heimasíðu er á lokastigi. Heimasíðan fór í yfirlestur til presta, djákna og formanna sóknarnefnda í september og verið er að vinna úr ábendingum auk þess sem prófarkalestur stendur yfir. Samhliða nýrri heimasíðu stendur til að fara í auglýsingaherferð þar sem Þjóðkirkjunni og nýrri heimasíðu verða gerð góð skil.

Samskiptastjóri kirkjunnar fylgist náið með fjölmiðlaumfjöllun um Þjóðkirkjuna. Á árinu hafa birst á þriðja hundrað fréttir um Þjóðkirkjuna, presta, djákna, prófesta, biskup, kirkjuþing og kirkjugarða. Allar fréttir sem tengjast kirkjunni eru vaktaðar og ef þörf krefur, svarað – beint eða óbeint. Þá hefur stefna biskups verið að verða við eins mörgum viðtalsbeiðnum og kostur er hverju sinni.

Traust til Þjóðkirkjunnar jókst umtalsvert á árinu, samkvæmt Þjóðarpúlси Gallup sem gerður er í janúar ár hvert. Árið 2024 sögðust 26% landsmanna treysta Þjóðkirkjunni en í janúar 2025 var sú tala 42,5%.

Unnið er að uppfærslu á Þjónustuvef kirkjunnar og nýtt kerfi, *Kirkjugátt* tekur við. Kirkjugáttin verður skráningarkerfi fyrir kirkjubækur Þjóðkirkjunnar. Markmið þeirrar vinnu er annars vegar að færa færslu kirkjubóka alfarið á stafrænt form og hins vegar að halda betur utan um dýrmæta tölfræði um kirkjulegt starf. Tekin verður í notkun ný skráningarmynd fyrir messugjörðarskýrslur sem verður einfaldari og auðveldari í notkun. Öll leit að upplýsingum og tölfræði ætti í kjölfarið i að verða auðveldari og nákvæmari auk þess sem skýrsluskil presta verða skilvirkari.

Skjólið

Skjólið, athvarf fyrir heimilislausar konur, starfar undir verndarvæng biskups Íslands. Á tímabilinu 1. júlí 2024 til 30. júní 2025 nýttu 63 konur sér þjónustu Skjólsins, heimsóknirnar voru 1144. Af þeim var 21 kona að koma í fyrsta skipti. Konurnar voru á aldrinum 19-67 ára en meiri hlutinn, eða 60%, er á aldrinum 26-45 ára. Flestar heimsóknir voru í september eða 131 og voru að meðaltali átta konur í heimsókn á hverjum degi í september.

Sálgæslu- og fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Sálgæslu- og fjölskylduþjónusta kirkjunnar hefur verið mikið sótt á starfsárinu. Heildarfjöldi viðtala voru um 3500 sem skiptust á þrjá starfsmenn. Viðtölin skiptast í sorgarviðtöl, handleiðslu, sálgæsluviðtöl, sambúðarviðtöl og fjölskylduviðtöl en flest viðtalanna heyra undir hin þrjú síðastnefndu. Fjöldi starfsfólks kirkjunnar, vígðir sem óvígðir þjónar, sækir handleiðslu hjá Sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem einstaklingar eða í hópum. Frá því á síðasta ári hefur prestur sinnt vinnu við að aðstoða þolendur ofbeldissambanda, bæði með einstaklingsviðtölum og með hópastarfi. Þá starfa jafnframt hjá þjónustunni tveir fjölskyldufræðingar sem aðstoða fjölskyldur fanga, en um er að ræða stöður greiddar af félagsmálaráðuneytinu.

Aðgerðarteymi Þjóðkirkjunnar

Aðgerðarteymi Þjóðkirkjunnar fékk til sín tíu tilkynningar á tímabili skýrslunnar, þ.e. frá 1. október 2024 til 30. september 2025. Á borði teymisins eru nú fjögur mál sem eru öll í bið. Á tímabilinu var þremur málum lokið endanlega. Rétt er að taka fram að teymið heldur ekki skrá yfir aðila sem leita ráðgjafar hjá teyminu eða upplýsingar en árlega berast teyminu nokkur slík erindi.

Söngmálastjóri

Söngmálastjóri sinnti fjölmörgum verkefnum á sviði kirkjutónlistar. Haldin voru nokkur endurmenntunarnámskeið í Tónskóla Þjóðkirkjunnar bæði fyrir kirkjukóra og organista.

Söngvahátíð barnanna var haldin í apríl í Reykjavík. Norrænt kirkjukóramót fór fram um mánaðamótin maí/júní þar sem um 300 kórsöngvarar frá Norðurlöndunum komu saman og sungu. Lokið var við upptökur á sálmalögum fyrir sálmafeinn svo brátt verður hægt að hlusta á öll sálmalög spiluð á vefnum.

Aðsókn í Tónskólann hefur aukist og er nú biðlisti að komast í organistanám við skólann. Breytingar voru gerðar á námskrá skólans, kantorsnáminu hefur verið skipt í tvö kjörsvið, kórstjórnarkjörsvið og orgelkjörsvið. Útskrift af einu kjörsviði kallast nú framhaldspróf í kirkjutónlist en kantorspróf fæst við útskrift af báðum kjörsviðum. Við skólann eru nú skilgreindar tvær deildir, framhaldsdeild í kirkjutónlist og endurmenntunardeild. Auk þess er barnastarf við skólann en átta börn á aldrinum 6-12 ára eru Orgelkrakkar Tónskólans Þjóðkirkjunnar og hafa þau komið fram í messum í þó nokkrum kirkjum og tekið þátt í ýmsum verkefnum.

Söngmálastjóri sagði upp stöðu sinni á árinu og hefur nú verið auglýst eftir nýjum. Undanfarna mánuði hefur staða söngmálastjóra verið endurskoðuð undir forystu fyrrum söngmálastjóra, Guðnýjar Einarasdóttur. Niðurstaða þeirrar vinnu var að skipta stöðunni upp þannig að staða söngmálastjóra er 60% og inni í því er staða skólastjóra Tónskólans. Þá hafa verið stofnaðar tvær deildarstjórastöður við skólann sem hvor um sig telur 25%. Staða söngmálastjóra sem áður var 100% er nú orðin 110% með deildarstjórastöðunum.

Fræðsluvið

Þróun og efnisgerð nýja fræðsluvefsins, hugsandi.is, er enn í vinnslu, enda um efnismikinn vef að ræða sem mun þjóna öllum aldurshópum. Um er að ræða sex fræðsluflokka sem ýmist eru ætlaðir börnum, unglingum, ungu fullorðnu fólki eða fullorðnum. Efnistökur eru ýmist í formi viðtala, greina, teiknimynda og gagnvirks efnis. Nýir og skemmtilegir barnaþættir hafa litið dagsins ljós. Auk þess sem sérstakt efni hefur verið samið fyrir kristinfræði í grunnskólum.

Unnið hefur verið að undirbúningi útgáfu sálgaðslutösku fyrir ung börn í sorg. Einnig gerð biblíufræðslutösku með hlutbundinni kennslu. Hvert prófastsdæmi fær eina slíka tösku.

Mál kirkjupings um fræðslu í skólum var sett í farveg og er í unnið í því nú.

Starfsfólk fræðsluviðs fór í fjölmargar heimsóknir í kirkjur og var með fyrirlestra og kynningar.

Mannauður

1. október 2025 var starfsfólk Biskupsstofu átján í 16,05 stöðugildum, auk tveggja starfsmanna kirkjupings í 1,5 stöðugildum. Starfsfólk Sálgæslu- og fjölskylduþjónustu Þjóðkirkjunnar eru fjögur í 4 stöðugildum. Guðný Einarsdóttir söngmálastjóri lét af störfum sem söngmálastjóri en heldur áfram sem skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar í 50% starfshlutfalli fram að áramótum. Við afleysingu söngmálastjóra tók Arngerður María Árnadóttir í 50% starfshlutfalli fram að áramótum. Sérfræðingur á fjármálasviði í 100% starfshlutfalli lét af störfum og var ekki ráðið í hennar stað. Nýtt starf sérfræðings í samfélagsmiðlum varð til. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Æskulýðsfulltrúi Austurlandsprófastsdæmis og svæðisstjóri æskulýðsmála á Höfuðborgarsvæðinu létu af störfum á árinu. Í haust voru svæðisstjórar æskulýðsmála ráðnir í öllum landshlutum nema fyrir Suðurland. Um er að ræða sex starfsmenn í fjórum stöðugildum.

Þrír prestar láta af störfum á árinu vegna aldurs og fjórir prestar hafa hætt störfum af öðrum ástæðum.

Í lok september 2025 eru 138 prestar á launaskrá í 135 stöðugildum, þar af eru sex prestar með tímabundna ráðningu og fimm prestar í námsleyfi. Að auki sinna prestar 5,5 stöðugildum í aukþjónustu í átta prestaköllum. Tveir djáknar eru í föstu starfi hjá Þjóðkirkjunni í 1,6 stöðugildum og fimm djáknar ráðnir tímabundið 2,5 stöðugildi.

Biskup þakkar þeim sem lokið hafa störfum á árinu fyrir vel unnin störf.

Þjóðkirkjan hlaut jafnlaunavottun haustið 2022 sem gildir til nóvember 2025. Úttekt vegna endurnýjunar skirteinis fór fram í september og er því ferli nú lokið. Þjóðkirkjan stendur sig vel í að fylgja eftir markmiðum í jafnréttis- og jafnlaunastefnunum sem samþykktar voru árið 2021. Ný jafnréttisáætlun Þjóðkirkjunnar verður lögð fram á þinginu.

Lokaorð

Góður andi ríkir á Biskupsstofu og er biskup þakklát fyrir að tilheyra þeim góða vinnustað þar sem valin manneskja skipar hvert rými. Biskup er einnig þakklát öllu því hæfa og mikilvæga fólki sem starfar og þjónar í Þjóðkirkjunni í launuðum og ólaunuðum störfum og er stolt af þeirri fyrirmyndarþjónustu sem Þjóðkirkjan veitir um land allt. Öll vinnum við að sama marki sem er að gera kærleika Krists sýnilegan í heiminum, biðja, boða trú og veita fyrirmyndar þjónustu sem byggir á trú, von og kærleika.

Guð blessi þjóðkirkjuna, þjóna hennar, starfsfólk, fólk í trúnaðarstörfum og öll þau er hana sækja.

Reykjavík í október 2025

Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands